



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Hafnarfjarðarbær
Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri
Strandgötu 4
220 Hafnarfirði

Reykjavík 23. febrúar 2017
Tilv.: MMR17020014/6.14.2-

Efni: Niðurstöður ytra mats á starfsemi Hraunvallaskóla

Í nóvember 2016 gerðu úttektaraðilar á vegum Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Hraunvallaskóla í Hafnarfirði. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalagd. Matið er jafnframt hluti af samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ytra mat á grunnskólum. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er einkum lögð áhersla á þrjá þætti skólalagsins, þ.e. stjórnun, nám og kennslu og innra mat.

Skýrsla úttektaraðila fylgir hér með og hvetur ráðuneytið bæjarstjórn, skólanefnd, skólastjórnendur, starfsfólk, foreldra og skólaráð til að kynna sér vel innihald skýrslunnar svo og þær ábendingar og tillögur til úrbóta sem fram koma í henni. Ráðuneytið óskar eftir því að sveitarstjóri/skólastjóri sendi ráðuneytinu, fyrir 30. apríl 2017, tímasetta áætlun um hvernig brugðist verður við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni. *Sjá hjálagða æskilega framsetningu fyrir umbótaáætlun með dæmi um upphaf að umbótaáætlun fyrir Svið 1 Stjórnun í úttektarskýrslu*. Skýrslan verður birt á vef ráðuneytisins ásamt áætlun um úrbætur.

Að lokum þakkar ráðuneytið yfirvöldum fræðslumála í Hafnarfjarðarbæ, starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum fyrir góða samvinnu við úttektina.

Fyrir hönd ráðherra


Margrét Harðardóttir


Guðni Olgeirsson

Ljósrit: Skólastjóri Hraunvallaskóla, formaður skólanefndar og formaður skólaráðs

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið.
Svið 1 - Stjórnun						
Fagleg forysta						
Stjórnandinn sem leiðtogi	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár.	XXX
XXX	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár.	XXX
Stefnumótun og skipulag						
Starfsáætlun og skólanámskrá	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár	XXX
XXX	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár	XXX